

## Fyrst er að vilja, afgangurinn er tækni ...

### Um gamla UNIT-skurðgröfu við austanverðan Eyjafjörð og sambýli hennar við gráa Ferguson-dráttarvél

... mun sá véla- og tæknisinnnaði guðsmaður, Jón Prímus, hafa sagt. Einhvern veginn koma þau orð manni í hug við lestur frásagnar Ólafs Sigurðssonar frá Búvöllum í Aðaldal, sem hann sendi Landbúnaðarsafni nýlega, en Ólafur er einn af hollvinum safnsins. Engan frekari formála þarf að hafa af frásögn Ólafs. Hún er dæmi um það hvernig menn björguðu sér þegar ekki var hægt að rjúka bara í símann eða tölvuna og panta það sem vantaði. Hafa skal það sem hendi er næst en hugsa bara um það sem ekki fæst, sagði þar. Myndirnar, sem fylgja eru Ólafs, en hann er eins og sjá má dráttagur maður í betra lagi. Hefst þá frásögnin:

„Mig langar nú að segja frá því sem varðar Ferguson og skrautlegar hugmyndir manna sem líka framkvæmdu þær. En eg ætla að byrja á því að segja frá skurðgröfu 1947. Þá keyptu Svalbarðs- og Grýtubakkahreppur saman skurðgröfu af gerðinni UNIT sem er amerísk og var með 8 cyl. „flathead“ CHRYSLER-línumótor. Maður, sem vann á þessari gröfu, sagði mér að hún hefði eytt 200 lítrum af bensíni á dag í fullri vinnu. Það þætti bændum dýrt.

Þessi grafa var lengi notuð meðal annars við út- og uppskipun á Svalbarðseyri á meðan þar var hafskipabryggja. Mér var sagt að þessi grafa hefði verið keyrð á milli bæja því enginn var vagninn til að flytja hana á en vegalengdin frá Varðgjá á Svalbarðsströnd og til Grenivíkur er ca 30 km. Ekki veit eg alveg hvaða ár það var sem bændur í Nesi í Höfðahverfi (Höfðahverfi er partur af Grýtubakkahreppi) keyptu þessa gröfu og ekki veit eg með vissu hver átti hana þegar valt hún ofan í skurð sem hún var að grafa. Við það hallaðist hún svo mjög að 8 cyl. CHRYSLER-inn bræddi úr sér. Ekki var gert við þennan CHRYSLER heldur hann tekinn úr. Til stóð að setja í staðinn 6 cyl. CHRYSLER en úr því varð ekki. Grafan var að öðru leiti í mjög góðu lagi. Eftir var að grafa meira.

Þá er komið að því að segja frá hugmynd sem var framkvæmd: Tekin var af afturhlutinn af húsi gröfunnar og hægri hliðin að hluta. Smíðaður var pallur aftan á; svo var gamall Ferguson



bensín settur upp á vörubíl sem bakkað var að gröfunni og Ferguson bakkað inn í gröfuna, en áður var sett breytidrif af KVERNELAND-blásara á girkassa gröfunnar. Nú, svo var drifskafið sett á breytidrif og svo á vinnudrif og haldið áfram að grafa!

Mér var sagt að það hefði ekki mikið verið grafið en þó eitthvað en grafan var líka notuð til að lyfta steypusíloi við byggingar með Ferguson sem afgangurinn var að allar hreyfingar gröfunnar urðu mun hægari en áður þar sem vinnudrif á Ferguson snerist mun hægari heldur en CHRYSLER.

Maður einn sagði mér að hann myndi eftir MF 135 aftan á gröfunni og annar nefndi gráan Fergusonbensín; trúlega hafa báðir verið notaðir í gröfunni. En svo var þessari gömlu lagt og stóð hún í mörg ár ónotuð í Nesi. Svo var það á síðasta ári, 2010, að hirðusamur maður sem heitir Björgvin fékk hana og flutti hana heim á bæinn Hvamm í sömu sveit. Þar stendur hún nú í gamalli hlöðu.



Eg fór í sumar sem leið í heimsókn í Hvamm til að skoða þessa gröfu. Hún hefur verið mjög vönduð smíði og þveröfugt við aðrar gröfur sem eg hef séð þá hefur 8 cyl. CHRYSLER snúið langsum í húsinu! Í miðju húsinu er lokaður skápur með hurðum beggja megin en inni í þessum skáp eru spilin. Kverneland-breytidrifið er enn aftan á gírkassa gröfunnar. Þessi gamli UNIT er annars býsna heill að sjá þó afturpartinn af húsinu vanti“...

### **Eftirmáli:**

Í bók sinni *Skurðgröfur Vélasjóðs 1942-1966* [bls. 36] segir **Árni G. Eylands** frá gröfunni, sem hann segir hafa verið keypta árið 1948. Hún var frá **Unit Crane & Shovel Corp.**, Milwaukee, Wis., með 8 strokka Chrysler 67 hestafla vél, eins og Ólafur segir.

Grafan vóg 10,6 tonn. Hún var keypt með 30 feta vinnuarmi og gripskóflu en síðan var ½ rúmjarda dragskófla fengin á hana. Grafan hóf störf 20. maí 1948 að Veigastöðum á Svalbarðsströnd, segir þar.

Hinn formlegi eigandi gröfunnar segir Árni að hafi verið *Ræktunarsamband Búnaðarfélags Grýtubakkahrepps og Búnaðarfélags Svalbarðsstrandarhrepps*.

*Bj.Guðm.*